

Cobraborað hjá B.M. Vallá

Þórólfur H. Hafstað


Greinargerð PHH-94-06





Cobrorað hjá B.M. Vallá

Meðfylgjandi eru borhraðafærlar úr cobraholum, sem boraðar voru á plani við stöð B.M. Vallár í Reykjavík þann 18. október 1994. Tilgangurinn var að kanna undirstöður verksmiðjuhúss, sem meiningin er að reisa á svæðinu. Fyrirfram var vitað að þykkt lausra jarðlaga er allmikil, en töluvert misdjúpt getur verið niður á "fast"; þ. e. jarðlag, sem er nógu traust sem undirstaða fyrir meiri háttar mannvirki. Mikill hluti athafnasvæðis B.M. Vallár er umturnaður vegna malarnáms á árum áður og ýmis konar mannvirkjagerðar vegna starfsemi steypustöðvarinnar. Auk alls þessa er jarðfræði lausra jarðlaga nokkuð flókin á þessum slóðum; utan í Ártúnshöfðanum eru ummerki um háa sjávarstöðu í lok Ísaldar. Þá settust þar til malarlög, sem oft eru ofan á stílríku sjávarseti.

Staðsetning holanna er sýnd í grófum dráttum á fylgjandi rissi. Eins og fram kemur á borhraðafærlunum, reyndist óborandi niður úr fyllingunni vestan hússins (holur I og II). Þar er malarlagið geysihart, enda sjálfsagt vel troðið af þungri umferð. Þetta lag virðist vera hið ábyggilegasta, en ekkert er hins vegar vitað um þykkt þess. Holan norðan og neðan við steinvegginn (númer III) liggur einum 5 - 6 metrum neðar í landinu en hinar. Hún varð ríflega 4 m að dýpt og er að því best verður séð boruð í lítið eða ekkert hreyft jarðlag. Borunin gekk fyrirstöðulítið í rúma 2 m, en síðan er nokkuð mishart. Borun virðist svo stoppa á klöpp eða stórgrýti.

Með virðingu
Þórólfur H. Hafstað





LAUSLEG
AFSTÖÐUMYND:



24. okt. 1994
þorsteinn Þ. Þorsteinsson

